



Borgarráð

Viðaukar við fjárhagsáætlun 2020

1. Birting sjálfbærnisá WCCD og innleiðing ISO37120

Lagt er til að fjárheimildir fjármála- og áhættustýringarsviðs hækki um 7.800 þ.kr. vegna birtingar sjálfbærnisá WCCD og innleiðingu á ISO37120. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205 ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-7.800
FÁST	xxx	Birting sjálfbærnisá WCCD og innleiðing ISO 37120	Til	7.800
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu.

Greinargerð:

World Council on City Data (WCCD) hefur leitt innleiðingu ISO 37120. Staðallinn inniheldur lykilmælikvarða til að mæla þjónustuveitingu borga og lífsgæði íbúa og er leiðbeinandi fyrir borgir sem hafa hug á að birta sjálfbærnisá. Innleiðing á staðlinum býður upp á aðgang að samanburðargrunni WCCD fyrir 100 borgir frá 35 löndum í öllum heimsálfum. Skráning í samanburðargrunn WCCD gefur Reykjavíkurborg tækifæri á að bera sig saman við aðrar borgir, en einnig að leita fordæma á skilvirkan hátt þar sem samanburðargrunnurinn veitir aðgang að prófíluþýsingu um allar þáttökuborgir.

2. Breytingar á fjárheimildum vegna viðburðarsamnings við ÍBR

Lagt er til að fjárheimildir íþrótt- og tómstundasviðs hækki um 7.000 þ.kr. vegna viðburðarsamnings milli ÍTR og ÍBR. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205 ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-7.000
ITR	xxx	Viðburðasamningur ÍTR við ÍBR	Til	7.000
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu.

Greinargerð:

Vísað er til samþykktar borgarráðs frá 07.03.2019 R19030026 - samstarfssamningur við ÍBR um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við viðburðahald ÍBR á tímabilinu 1. janúar 2019 – 31. desember 2021.

ÍBR stendur að sex íþróttaviðburðum á ári, þ.e. Reykjavíkumaraþonni, Tour of Reykjavík, Reykjavíkurlaikum, Norðurljósahlaupi, Miðnæturlaupi og Laugavegshlaupi. Markmið samningsins er að styðja viðburðahalds ÍBR og festa hlutverk ÍBR í sessi sem ráðgefandi fagaðila vegna viðburðahalds í Reykjavík.

3. Húsaleigustyrkur til Tónlistarfélags Árbæjar

Lagt er til að fjárheimildir íþrótt- og tómsundasviðs hækki um 6.500 þ.kr. vegna styrks til Tónlistarfélags Árbæjar. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205 ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-6.500
ITR	xxx	Húsaleigustyrkur til Tónlistarfélags Árbæjar	Til	6.500
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu.

Greinargerð:

Vísað er til samþykktar borgarráðs, 11. apríl 2019 um máls R19030193, Tónlistarfélag Árbæjar – styrkur, vegna leigu Tónlistarfélags Árbæjar á húsnæði í Stangarhyl fyrir tónlistarmiðstöð fyrir ung fólk.

4. FabLab samningur

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs verði hækkaður um 7.500 þ.kr. vegna samstarfssamnings um starfsrækslu stafrænnar smiðju, Fab Lab Reykjavík, í húsnæði Fjölbautarskólans í Breiðholti. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205 ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-7.500
VEL	xxx	Fab Lab samningur	Til	7.500
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu.

Greinargerð:

Vísað til samþykktar borgarráðs frá 18. janúar 2018, mál R18010197, Fab Lab Reykjavík – samningur um starfrækslu Fab Lab í FB, 2018-2020.

5. Innleiðing á þjónustustefnu

Lagt er til að fjárheimildir skrifstofu þjónustu og rekstrar verði hækkaðar um 14.000 þ.kr. vegna innleiðingar á þjónustustefnu. Er fjárheimildin nýtt til að fjármagna eitt stöðugildi 2020. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205 ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-14.000
ÞON	xxx	Innleiðing þjónustustefnu	Til	14.000
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu.

Greinargerð:

Þjónustustefna Reykjavíkurborgar lýsir samræmdri sýn borgarinnar á það hvað þjónustuveiting snýst um. Þannig nýtist hún starfsfólki við dagleg störf um leið og hún setur viðmið og mælikvarða um þjónustu borgarinnar almennt.

6. Flutningur fjárheimilda milli sviða vegna þróunarverkefnis í Breiðholti

Lagt er til að fjárheimildir vegna 6 stöðugilda í þjónustumiðstöð Breiðholts 55.433 þ.kr. verði fluttar frá velferðarsviði til skóla- og frístundasviðs samhliða flutningi á starfsfólki.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
VEL	xxx	Sérkennsla v/leikskóla & Daggæsluráðgjöf	Frá	55.433
SFS	xxx	Sérkennsla v/leikskóla & Daggæsluráðgjöf	Til	-55.433
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu.

Greinargerð:

Skóla- og frístundasvið og velferðarsvið vinna að þróunarverkefni í Breiðholti undir yfirskriftinni Betri borg fyrir börn. Sviðin sameina þar krafta sína til að veita börnum og fjölskyldum þeirra betri þjónustu í skóla- og frístundastarfi. Í þessu samhengi var í byrjun árs 2020 stofnuð skóla- og frístundadeild innan þjónustumiðstöðvar Breiðholts og undir hana heyra starfsemi leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs í Breiðholti. Í kjölfarið voru starfsmenn sem áður tilheyrðu skólaþjónustu þjónustumiðstöðvar færðir á kostnaðarstaði SFS (6 stöðugildi) og þarf að færa fjárheimildir samhliða því.

Dagur B. Eggertsson